

Nd.

633. Frumvarp til laga

um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal metinn af löggiltum matsmönnum og háður eftirliti þeirra. Undanskildar eru þó smásendingar, 50 kg eða minni, sem sendar eru að gjöf.

Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land. Ráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.

Ráðuneytið getur ákveðið, að mat fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið getur veitt undanþágu frá mati, þegar svo stendur á, að reyndar eru nýjar verkunaraðferðir í tilraunaskyni. Um slíkar undanþágur skal leitað álits fiskmatsstjóra.

3. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja fisk úr landi, skal tilkynna það fiskmatsstjóra eða hlutaðeigandi yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara. Útskipun, hleðsla og meðferð fisksins í útflutningsskipunum skal fara fram undir umsjón yfirmatsmanns eða löggilts hleðslustjóra.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð fiskmatsstjóra eða yfirmatsmanns.

4. gr.

Ráðherra skipar fiskmatsstjóra og gefur honum erindisbréf. Skal hann hafa á hendi yfirstjórn alls fiskmats á landinu.

Fiskmatsstjóri skal hafa fulla þekkingu á meðferð og verkun á fiski, frá því fiskurinn er veiddur og þar til hann er fullgerð vara til útflutnings. Hann skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum í meðferð, verkun og mati fiskafurða og skýra yfirfiskmatsmönnum og öðrum aðilum frá því, er að gagni má verða, svo og leiðbeina yfirmatsmönnum um störf þeirra og í samvinnu við þá stuðla að endurbótum á verkunaraðferðum fiskafurða og fylgjast með vöruvöndun. Honum er enn fremur skylt að ferðast um landið til eftirlits með framkvæmd matsins og til leiðbeininga.

Þá skal matsstjóri, í samráði við ráðherra, ferðast til þeirra landa, er kaupa afurðir héðan, til þess að kynna sér kröfur neytenda og nýjungar í framleiðslu-háttum.

Fiskmatsstjóri hefur úrskurðarvald um ágreining, er verða kann um fiskmat. Sé ágreiningurinn um vörugæði milli matsins annars vegar og framleiðenda eða annarra aðila hins vegar, má þó vísa honum til úrskurðar iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans.

5. gr.

Ráðuneytið skipar yfirfiskmatsmenn, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra, og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks.

Yfirfiskmatsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

6. gr.

Yfirfiskmatsmenn skulu vera sex á landinu:

1. Einn yfirfiskmatsmaður á Vestfjörðum með búsetu á Ísafirði.
2. Einn yfirfiskmatsmaður á Norðurlandi með búsetu á Akureyri.
3. Einn yfirfiskmatsmaður á Austurlandi með búsetu á Seyðisfirði.
4. Einn yfirfiskmatsmaður í Vestmannaeyjum.
5. Tveir yfirfiskmatsmenn á Suð-Vesturlandi með búsetu í Reykjavík. Skal annar þeirra hafa sérþekkingu á meðferð og verkun saltfisks og harðfisks, en hinn sérþekkingu á meðferð og verkun freðfisks og öðru því, er lýtur að þeirri framleiðslu.

Auk þeirra yfirfiskmatsmanna, sem skipaðir eru samkv. þessari grein, er ráðherra heimilt, ef hann telur á því brýna nauðsyn til tryggingar fullkomnu mati fisks, að setja um stundarsakir einn yfirfiskmatsmann til viðbótar á Suð-Vesturlandi, að fengnum tillögum fiskmatsstjóra.

Yfirfiskmatsmenn skulu starfa undir stjórn fiskmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Fiskmatsstjóri getur kvatt yfirfiskmatsmann til starfa utan umdæmis hans, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur.

7. gr.

Yfirfiskmatsmennirnir skulu skyldir til þess að ferðast um landið og líta eftir og leiðbeina um verkun og meðferð fisks og hafa umsjón með hleðslu fisks í skip o. fl., eftir fyrirætlunum fiskmatsstjóra. Skulu hleðslustjórar skyldir að hlíta fyrirætlunum fiskmatsstjóra og yfirfiskmatsmanna um hleðslu skipa.

Yfirfiskmatsmenn skulu og fylgjast sem bezt með framleiðslu verkunarstöðva og leiðbeina matsmönnum eftir þörfum.

Fiskmatsstjóri, yfirmatsmenn eða matsmenn geta stöðvað fiskverkun, vinnslu eða útskipun, ef ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða annarra fyriræla um hráefni, verkun eða meðferð vörunnar.

8. gr.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, annarri en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

9. gr.

Ef yfirfiskmatsmaður tekst ferð á hendur til þess að annast fiskmatsstörf eða leiðbeiningar eftir sérstakri kröfu framleiðanda eða útflytjanda, skulu þeir greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvort tveggja eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

10. gr.

Fiskmatsstjóri skal taka laun samkvæmt VI. launaflokki 1. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins.

Yfirfiskmatsmenn skulu taka laun samkvæmt X. launaflokki sömu laga.

Fiskmatsstjóri og yfirfiskmatsmenn fá greiddan kostnað vegna ferða í þágu matsins, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

11. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði fiskmatsstjóra eða yfirfiskmatsmanns, er álitá verður, að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmenn ábyrgð á tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni eða löggildingu fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskmatsmanna og fiskmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

Á hverri fiskverkunar- eða vinnslustöð skal vera einn fiskmatsmaður eða fleiri, eftir því sem fiskmatsstjóri álitur þörf fyrir.

Fiskmatsmenn skulu hafa aflað sér staðgóðrar þekkingar á fiskmati, verkun og meðferð fisks, eða hafa lokið prófi á námskeiði fyrir fiskmatsmenn, er ráðuneytið setur reglur um.

Fyrirtæki þau eða einstaklingar, er flytja út farma af fiski, að ísuðum fiski undanskildum, skulu skyld til þess að hafa hleðslustjóra með skipunum, er þau taka farm á fleiri höfnum en einni, enda starfi þeir, að því er metinn fisk snertir, undir umsjón fiskmatsstjóra og yfirmatsmanna, sbr. 3. gr. þessara laga.

Þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum, skal, þar sem þess er þörf í verstöð, fela fiskmatsmanni á þeim stað að hafa eftirlit með því, að ýmis ákvæði reglugerða samkvæmt lögum þessum séu haldin, svo sem ákvæði um aðgerð fisks, útbúnað fiskiskipa, áhöld og fleira, er varðar mat og meðferð fisks.

Lögreglustjóri löggildir, samkvæmt tilnefningu fiskmatsstjóra, starfsmenn þá, sem um ræðir í þessari grein, og sér um, að þeir ríti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

13. gr.

Kaup fiskmatsmanna fyrir starf þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglum um störf fiskmatsmanna.

14. gr.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi í mati á fiskafurðum, skal fiskmatsstjóri halda fundi með yfirmatsmönnum og matsmönnum, svo oft sem þurfa þykir. Á fundi þessa skal boða verzlunarerindreka landsins, er gefið geti upplýsingar og leiðbeiningar um kröfur markaðslanda vorra.

15. gr.

Fiskmatsstjóri skal sjá um, að tilraunir verði gerðar með nýjar aðferðir til verkunar á fiskafurðum, svo og til endurbóta á eldri aðferðum. Tilraunir þessar skal hann gera í samvinnu við eða undir umsjá Atvinnudeildar háskólans. Þá skal hann og sjá um, að rannsókuð verði hagnýti mismunandi aðferða, gildi byggingar- og einangrunarefna, nýting orku o. fl. varðandi verkun og vinnslu fiskafurða, einnig í samvinnu við sömu stofnun, svo að efni, vinna og orka nýtist sem bezt við framleiðsluna.

16. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að setja reglugerðir og fyrirmæli um meðferð á fiski, sem verkaður er til útflutnings, svo og um hráefni, tæki, vinnsluöðvar og útbúnað fiskiskipa. Enn fremur um verkun, umbúðir, mat, flutning og útflutning á fiski.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þessari grein, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim allt að 50 000 kr., er renni í ríkissjóð.

17. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út fisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 1 000 til 30 000 króna sektum í ríkissjóð, sbr. þó 1. mgr. 1. gr. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt nema allt að 60 000 kr.

Um mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, fer sem um almenn lögreglumál.

18. gr.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, eru lagðar niður eftirtaldar stöður:

1. Staða fiskimatsstjóra, sbr. lög nr. 7 9. jan. 1935.
2. Staða freðfiskmatsstjóra.
3. Stöður fimm yfirfiskimatsmanna samkvæmt 3. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.
4. Stöður fimm yfirfreðfiskmatsmanna.
5. Staða skreiðarmatsstjóra.

19. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, og lög nr. 9 1. febrúar 1936, um breyting á þeim lögum.

Lög nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.